



E-4 Ljósleiðari Borgarbyggðar


| VERKFUNDARGERÐ | | | | |
|--|--------------------------------------|---|---------------------------|------------------------------|
| Verkheiti Lagning ljósleiðara í Borgarbyggð | | Verkkaupi Borgarbyggð | | Verknúmer |
| Fundarefni Verkfundur | | Fundarstaður Ráðhús Borgarbyggðar | | Nr. fundar #8 |
| Fundarboðari Guðmundur Daniélsson | Fundarritari Guðmundur Daniélsson | Fundardags. 13/11/2019 | Fundartími 9:30 | Dags. Fundarg. 20/11/2019 |
| Fundarmenn Börkur Brynjarsson (BB) Eiríkur Ólafsson (EÓ) Guðmundur Daniélsson (GD) Sigurjón Hallvarðsson (SH) Skarphéðinn Hilbert Ingason (SI) Sævar Eiríksson (SE) Sævar Geir Hallvarðsson (SGH) | | Fyrirtæki SH- Leiðarinn ehf Borgarbyggð Borgarbyggð SH-Leiðarinn ehf Heflun ehf Borgarbyggð SH-Leiðarinn ehf | | |
| Fjarverandi | | Fyrirtæki | | |
| Dreifing Fundarmenn | | Fyrirtæki | | |
| Dagskrá Fundar Skv fundarboði | | Dagsetning næsta fundar 27/11-2019 | Tími næsta fundar 9:30 | |
| Staða fundargerðar <input type="checkbox"/> Í vinnslu <input type="checkbox"/> Drög til yfirlustrar <input checked="" type="checkbox"/> Lokið | | | | |

| Nr. | Dagskrárlíðir | Ábyrgð / ags. |
|-----|--|------------------|
| 1. | Undirritun verkfundargerðar undangengins verkfundar EÓ situr fundinn f.h. Borgarbyggðar og tilkynnti um starfslok sveitarstjóra. GD fór yfir ritun fundargerðar og að farist hafi fyrir að senda fundmönnum síðustu fundargerð. Fundagerðin verði send fundamönnum svo að samþykkt hennar geti farið fram á næsta verkfundi. SI sagði brýnt að fundagerðin bærust tímanlega svo að hægt væri að fara yfir þær á meðan umræða funda væri fundamönnum í fersku minni. | |
| 2. | Útistandandi mál frá síðasta verkfundi GD hefur borist linkur inn á efnisskrá verktaka. Hún virkar þó ekki og sendi BB upplýsinga um það. Svör hafa ekki borist. BB kannaðist ekki við að hafa fengið umræddan tölvupóst og hugsanleg skýring á því væri að BB hefur nýverið tekið upp nýtt netfang. GD endur sendi umræddan póst. | |
| 3. | Framgangur við þá áfanga sem unnið er við Unnið er í áfanga 4. Eftir er að fara inn í 5-7 hús. Plægingu líkur í vikunni að sögn SI. Blástur um helming strengja er lokið og stefnt er að því að ljúka blæstri á strengjum á næstu dögum. Þá hefjast tengingar af krafti og er stefnt að því að áfanganum ljúki fyrir mánaðarmót. Tengimiðja í Varmalandi er tilbúin og því hægt að setja upp og tengja stöðina að sögn SGH. GD fór yfir að án tenginga við simstöðina í Kljáfossi væri ekki hægt að tengja Varmaland. Tengimiðjurnar tvær tengjast því þegar áfanga 4 líkur. BB sagði að óhætt væri að bjóða fjarskiptafélögum að setja upp sinn búnað í tengimiðjunum um mánaðarmótin næstu. Þá væri mælingum lokið frá þeim. | GD |
| 4. | Næstu skref og áfangar | GD |



E-4 Ljósleiðari Borgarbyggðar

| | | |
|---|---|--|
| | <p>EÓ og GD funda eftir verkfund um þá tillögu sem komin er upp varðandi nálgun á jarðvinnu í áfanga 2 og 3. Að sögn SI gildir einu, hans vegna, hvort farið verði í áfanga 8 eða 2/3 næst. Þó telji hann það heppilegra, ef veður helst hagstætt, að klára áfanga 2 og 3 næst og tengja þar með þann fjölda notenda sem þar er áður en vetur skellur á. GD tilkynnir um niðurstöðu fundar síðar í dag.</p> | |
| 5. Önnur mál er varða efni fundarins | <p>SH tilkynnti að frekari seinkun hafi orðið á afhendingu mælitækja. Spurðist hann fyrir um það hvort að verkkaupi óskaði eftir því að áfangi 4 yrði mældur á sama hátt og áfangi 5 eða hvort að bíða ætti eftir mælitækjum. Von væri á þeim í fyrstu viku af desember að sögn heildsala. GD sagði mikilvægt að klára áfangann sem fyrst og að tenging notenda gæti farið fram. Ákveðið að áfangi 4 yrði mældur á sama hátt og áfangi 5. Mikilvægt væri þó að áður en að til mælinga á næsta áfanga kemur yrði verktaki búinn að grípa til viðeigandi ráðstafana.</p> | |
| 6. | <p>Umræða átti sér stað um afhendingu á efni. Óskaði verktaki eftir því að efni yrði afhent í Litla Hvammi og að því fylgdi fylgiseðill, eða hann kæmi í tölvupósti, svo að hægt væri að yfirfara það að afhent efni væri í samræmi við afhendingaseðla.</p> | |
| 7. | <p>Pétur Hrafnsson (PH) frá Lýsir ehf mætti á fundinn klukkan 10:00. Verktaki óskaði eftir komu hans svo að hægt væri að ræða blástursvegalengdir og önnur mál er snúa að meðferð og blæstri strengja. Ræddar voru útfærslur og aðferðir á blæstri strengja. PH fór m.a. yfir tvær helstu aðferðir sem notaðar væri ef blása þyrfti strengjum langar leiðir; A) bæta við brunni/slakakassa á leiðinni, B) grafa niður á rör, taka streng upp í „áttu“ og blása honum áfram. Að sögn PH finnast ekki upplýsingar um hámarks vegalengdir á blæstri strengja í gögnum framleiðanda. Ástæðan væri einkum sú að blástur strengja væri háður ótal ytri aðstæðum og mjög erfitt væri að fullyrða hversu langt væri hægt að blása. Við blástur þyrfti fyrst og fremst að hafa í huga að fara ekki yfir álagspolmörk strengsins. Til þess að tryggja slíkt ætti verktaki að framkvæma þolpróf á strengnum. Þegar þeim þolmörkum væri náð, við blástur, þyrfti að grípa til viðeigandi ráðstafana. SGH taldi „áttu-leiðina“ vera fornaldar vinnubrögð. Við þá aðferð væri töluverð hætta á að óhreinindi kæmust inn í rörin. PH sagði að til væru áhöld sem nota mætti við þessa aðferð. Fundarmenn þökkðu PH fyrir áhugaverða og fróðlegt innkomu á fundinn.</p> | |
| 8. | <p>SI óskaði eftir að fá að sjá þann samning sem gerður var við Ferðapjónustuna Húsafelli vegna lagningu þeirra á rörum innan áfanga 2 og 3. GD sagði að formlegur samningur um málið hafi ekki verið undirritaður. Samkomulagið við Ferðapjónustu Húsafells gangi út á það að félagið legði rör á þeim köflum sem ekki hefðu þá þegar verið lögð rör samhliða lagningu á rafstreng RARIK á leiðinni frá Reykholti að Húsafelli. Um væri að ræða lagningu röri á um 14km leið og fengi félagið í staðinn aðgang að práðum í streng Ljósleiðara Borgarbyggðar þegar hann yrði frágenginn.</p> | |
| 9. | <p>SI taldi ofangreint samkomulag ásamt útboði og í framhaldi þær framkvæmdir sem nú eiga sér stað frá Þjóðvegi 1 að Hvanneyri ekki standast skoðun. Óeðlilegt sé að slík útboð og samkomulög séu gerð eftir að útboð á framkvæmdinni að leggja ljósleiðara í alla Borgarbyggð hafi átt sér stað. Verkkaupi megi búast við bótakröfu frá SI f.h. Heflunar vegna þessara framkvæmda. Undir þetta tók BB fyrir hönd SH-Leiðarans.</p> | |
| 10. | <p>SI spurðist fyrir um merkistukur. SE sagði þær koma á verkstað í dag.</p> | |
| 11. | <p>Fleira ekki rætt.</p> | |


Samþykki verktaka


Samþykki verkkaupa